

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, nr. 1116/2017.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðast svo:

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	4.925	191,12
Alftanes og Stykkishólmur	6.163	239,14
Grundarfjörður	6.413	282,28
Borgarbyggð og Úthlíð	7.032	309,52

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggðum skulu að lágmarki vera 33.037 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. mars 2018.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Inga Dóra Hrólfsdóttir.